

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 47/2020

frá 3. apríl 2020

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 frá 30. mars 2020 um tímabundnar ráðstafanir til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við tiltekna alvarlega röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna vegna kórónaveirufaraldursins (COVID-19) ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11bx (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2126) í hluta 1.1 í I. kafla:

„11c. **32020 R 0466**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 frá 30. mars 2020 um tímabundnar ráðstafanir til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við tiltekna alvarlega röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna vegna kórónaveirufaraldursins (COVID-19) (Stjtið. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 30).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 30.

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31qx (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2126) í II. kafla:

„31r. **32020 R 0466**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 frá 30. mars 2020 um tímabundnar ráðstafanir til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við tiltekna alvarlega röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna vegna kórónaveirufaraldursins (COVID-19) (Stjtið. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 30).“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 169. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1686) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„170. **32020 R 0466**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 frá 30. mars 2020 um tímabundnar ráðstafanir til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við tiltekna alvarlega röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna vegna kórónaveirufaraldursins (COVID-19) (Stjtið. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 30).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/466, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. apríl 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. apríl 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.

ÓOPINBER BÝÐING